

## Sýningar

### Gallerí 11

**Skólavörðustíg 4a, sími 11138**

Margrét Sveinsdóttir opnar olíumálverkasýningu á morgun, laugardag, kl. 16-18. Sýningin stendur til 25. apríl og er opin aðra daga kl. 14-18.

### Gallerí Sólon Íslandus

**Bankastræti 7**

Guðrún Kristjánsdóttir sýnir lágmyndir úr tré og málverk. Viðfangsefni verka er íslenskur sjóndeildarhringur. Sýningin stendur til 12. apríl og er opin alla daga kl. 11-18.

### Gerðuberg

Þar stendur yfir myndlistarsýning Óskar Vilhjálmssdóttur. Á sýningunni eru ljósmyndaverk og einnig innsetning með þremur sjónvarpsskjám, hljóðverki og myndbandi. Sýningin stendur til 24. apríl og er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10-22 og föstudaga til sunnudaga kl. 13-16.

### Götugrillíð

**Borgarkringlunni**

Fimmtudaginn 18. mars opnaði Sigurður Vilhjálmsson sýningu sem stendur til 20. apríl.

### Hafnarborg

**Strandgötu 34**

Þar stendur yfir yfirlitssýning Henriks Vagns Jensen. Á sýningunni eru handunnin grafikverk, landslagsmyndir og portrett. Sýningin er opin daglega kl. 12-18 nema þriðjudaga. Í Sverrisal stendur yfir sýning Ásdísar Sigurbórsdóttur á málverkum unnum með akrýl á pappír, tré og striga. Myndefnið eru krossar og er yfirskrift sýningarinnar „Hugleiðing á föstu“. Sýningin stendur til 11. apríl og er opin kl. 12-18. Lokað þriðjudaga.

### „Hjá þeim“

**Skólavörðustíg 6b**

Í dag opnar Soffía Sæmundsdóttir sýningu á verkum sínum. Þar sýnir hún þrykk, unnin á vordögum 1993. Sýningin stendur til 28. apríl og er opin mánudaga til föstudaga kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-14. Þetta er önnur einkasýning Soffíu en hún útskrifaðist frá grafíkdeild MHÍ 1991.

### Café Milanó

**Faxafeni 11**

Guðrún H. Jónsdóttir (Gígja) sýnir málverk. Sýningin er opin kl. 9-19 mánudaga, 9-23.30 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, kl. 9-1 föstudaga og laugardaga og 9-23.30 sunnudaga.

### Kjarvalsstaðir

Þar stendur yfir sýning á verkum eftir Jóhannes Svein Kjarval. Á morgun, laugardag, verða svo opnaðar sýningar á verkum Huldu Hákon í vestursal og Ólafs Gíslasonar í miðsal. Hulda sýnir myndir af eldi og blómum bæði í þrívídd og í málverki. Sýning Ólafs ber heitið „Vernissage“ eða á nútímamáli „sýningaropnun“. Allar sýningar standa til 8. maí og eru opnar daglega frá kl. 10-18.

### Listasafn Einars Jónssonar

**Njarðargötu, sími 13797**

Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opin alla daga. Inngangur frá Freyjugötu.

### Listasafn Íslands

Þar stendur yfir sýning á túsítekningum í eigu safnsins eftir Barböru Árnason við Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Sýningin stendur til 8. maí. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 12-18. Kaffistofa safnsins opin á sama tíma.

### Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

**Laugarnestanga 70**

Þar stendur yfir sýning sem ber heitið Hugmynd – höggmynd úr vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar. Úrval verka frá ólíkum tímabilum í list Sigurjóns hefur verið sett upp. Sérstök leiðsögn um safnið er á sunnudögum kl. 15 fyrir börn og foreldra. Sýningin mun standa fram á vor og er sérstaklega hönnuð með skólafólk í huga. Safnið er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14-17 og kaffistofan líka.

## Tvær sýningar að Kjarvalsstöðum

# Skúlptúrar og lágmyndir

Tvær sýningar verða opnaðar að Kjarvalsstöðum á laugardag. Listamennirnir eru Hulda Hákon, sem sýnir í vestursal, og Ólafur Gíslason sem sýnir í miðsal.

„Sýningin ber heitið „Vernissage“ sem er dregið af frönsku sögninni að lakka. Í nútímamáli þýðir þetta sýningaropnun. Í Frakklandi var vinum og kunningjum boðið að skoða verkin áður en þeim var lokað. Það þýðir að lakkhuðin var ekki sett yfir fyrr en vinir og kunningjar höfðu sagt sitt álit á verkinu. Það er því ennþá hægt að breyta verkinu,“ segir Ólafur Gíslason sem sýnir skúlptúra í miðsal.


Hulda Hákon hélt sína fyrstu einkasýningu í Hafnarfirði 1984 og hefur undanfarin 10 ár tekið virkan þátt í íslensku listalífi, haldið fjölmargar einkasýningar á Íslandi, Norðurlöndunum og í Þýskalandi og tekið þátt í samsýningum víða.

Hulda hefur undanfarin ár mest unnið við gerð lágmynda þar sem hún vinnur saman mynd og texta. Í lágmyndum sínum hefur hún sett manneskjuna í öndveggi og gert ýmsa þætti mannlegrar tilveru að viðfangsefni sínu. Á einkasýningu Huldu að Kjarvalsstöðum sýnir hún myndir af eldi og blómum, bæði í þrívídd og í málverki. -em

## Nýlistasafnið: Veggspjöld Guerilla Girls

Guerilla Girls er hópur myndlistarkvænna í New York. Á laugardag verður opnuð sýning á veggspjöldum þeirra í Nýlistasafninu. Konurnar vinna undir nafnleynd og koma ætíð fram með grímu fyrir andlitinu. Vinnuföt þeirra eru stuttir þröngir kjólar, háhælaðir skór og góríllugrímur.

Inntak verka þeirra er gagnrýni á ráðandi gildismat innan myndlistarkerfisins. Mörg veggspjöld þeirra eru með tölfræðilegum samanburði á stöðu karla, kvænna og litáðra í myndlistarheimi New York-borgar sem er ein aðalmiðja myndlistarheiminum. Veggspjöldin eru undirrituð; „Guerilla Girls, samviska myndlistarheimsins.“



Guerilla Girls gefa sig út fyrir að vera samviska myndlistarheimsins.



Ólafur Gíslason og Hulda Hákon sýna að Kjarvalsstöðum. DV-mynd ÞÓK

## „Ísland við alda-hvörf“ á Akureyri

Gyflí Kristjánsson, DV, Akureyri:

Ljósmyndasýningin „Ísland við alda-hvörf“ verður opnuð í húsnæði gömlu Heklu á Akureyri á morgun kl. 14 og mun verða opin næstu vikurnar.

Þessi glæsilega sýning var opnuð

formlega í Reykjavík í febrúar sl. vegna 90 ára afmælis heimastjórnar á Íslandi. Sýningin er lánuð til Akureyrar að beiðni Lýðveldishátíðarnefndar Akureyrar. Sýningin verður orðin virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 14-18.

## Olíumálverk í Gallerí 11

Á laugardag verður opnuð sýning á verkum Margrétar Sveinsdóttur í Gallerí 11 að Skólavörðustíg 4. Margrét sýnir olíumálverk og er þetta fyrsta einkasýning hennar í

Reykjavík. Áður hefur hún haldið einkasýningar í Gautaborg og Stokkhólmi og tekið þátt í samsýningum á Ísafirði, í Gautaborg og Stokkhólmi.

## Vopnafjörður:

# Olíumálverk

Edda María Guðbjörnsdóttir opnar sýningu á rúmlega 30 olíumálverkum að Hótel Tanga á Vopnafirði í dag kl. 18. Sýningin verður opin á laugardag og sunnudag frá kl. 14-22. Edda

hefur meðal annars sýnt í Hafnarborg. Hún nam verslunarfræði í Lübeck í Þýskalandi og sótti jafnframt námskeið í myndlist á þeim árum.

## Verkefni um frið og umhverfisvernd

Núna standa yfir sýningar í Hafnarborg. Í aðalsal sýnir Henrik Vagn Jensen, í Sverrisal sýnir Ásdís Sigurbórsdóttir og í Kaffistofu stendur

yfir sýningin Verum vinir. Það er verkefni um frið og umhverfisvernd sem unnin eru af nemendum í Grunnskólum Hafnarfjarðar við

texta eftir Ólaf B. Ólafsson í tilefni af 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins.

## Sýningar

### Listasafn Háskóla Íslands í Odda, sími 26806

Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opið er daglega kl. 14-18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

### Listhúsið

**Laugardal**

Sjófn Har sýnir olíumálverk og túsítekningum í sýningarsal sínum. Verkin eru flest frá árinu 1993. Sýningin er opin á verslunartíma Listhússins. Ljósmyndasýning Blaðmannafélags Íslands og Blaðaljósmýndarafélags Íslands, Blaðaljósmýndir 1993, er í Listhúsinu til 13. apríl.

### Mokka kaffi

**Skólavörðustíg**

Þar stendur yfir sýning á verkum Steingríms Eyfjörð Kristmundssonar. Sýningin ber yfirskriftina „Pílagrímsferð Stefanlu Georgsdóttur í gegnum biblíuna“. Sýningin er sölusýning og rennur allur ágóði til ABC-hjálparstarfs.

### Nesstofufasafn

**Neströð, Selfjarnarnesi**

Safnið opið samkvæmt samkomulagi. Uppl. í síma 611016.

### Norræna húsið

Þar standa yfir tvær sýningar. Annars vegar er sýning á teikningum eftir listamanninn Olav Christopher Jensen og er þetta farandsýning sem kemur hingað til lands í samvinnu við Norrænu listamiðstöðina á Sveaborg við Helsingfors. Í anddyri stendur yfir sýning á myndum sem danska listakonan Bodil Kaalund gerði við biblíuna sem kom út í nýrri þýðingu á vegum Hins danska biblíufélags 1992.

### Portið

**Strandgötu 50, Hafnarf.**

Á morgun, laugardag, verður opnuð samsýning fimm kvænna frá Gallerí Kletti og stendur hún til 24. apríl. Sýningin verður opin alla daga frá kl. 14-18 nema á þriðjudögum.

### Póst- og símaminjasafnið

**Austurgötu 11, Hafnarf., sími 54321.**

Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.

### Safn Ásgríms Jónssonar

**Bergstaðastræti 74, sími 13644**

Sýning á vatnslitamyndum Ásgríms Jónssonar. Í vetur verður safnið opið á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30-16.

### Sjóminjasafn Íslands

**Vesturgötu 8, Hafnarfirði, s. 654242**

Sjóminjasafnið er opið alla daga kl. 13-17.

### SPRON

**Álfabakka 14**

Listaverk eftir Þórdísi Árnadóttur til sýnis í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við Álfabakka. Sýningin stendur til 22. apríl og er opin virka daga kl. 9-16.

### Stöðlakot

**Bókhöðustíg 6**

Nú stendur yfir ljósmyndasýning Ingu Sólvéigar. Verkin á sýningunni, sem ber titilinn „In memoriam“, eru öll unnin á síðasta ári. Sýningin, sem stendur til 17. apríl, verður opin daglega kl. 14-18.

### Þjóðminjasafn Íslands

Opið þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. kl. 12-17.

### Slunkaríki

**Ísafirði**

Þar stendur yfir einkasýning Ólafs Más Guðmundssonar og stendur hún til 17. apríl. Ólafur sýnir þar myndverk, unnin með akrýllitum á striga og pappír.

### Listasafnið á Akureyri

Þar standa yfir tvær sýningar. Í miðsal verða sýndar vatnslita- og olíumyndir Guðmundar frá Miðdal. Í austursal verða sýndar ljósmyndir Vigfúsar Sigurðssonar sem hann hefur tekið á Norðurlandi við ýmis tækifæri.

### Minjasafnið á Akureyri

**Aðalstræti 58, sími 24162**

Opið daglega kl. 11-17